

með, heilsum á götunni, sem er tengt okkur á óteljandi vegu, með sameiginlegri velferð, samlíðan, atvinnumálum, — að þetta fólk verði þínt um aldur og ævi í óútmálanlegum kvölum.

Og guð minn góður! Vegna hvers? Þeim er kastað út í heiminn, í loftslag þrungið af freistingum, með óþroskaðan skilning og ófullkomna sál, svo ekki verður hjá því komist, að þeir stigi glapstíg í þúsundatali, en við hvert þeirra safna hefnd yfir höfuð sér, safna yfir sig þeirri hegningu svo veðalcæri, æð okkur hryllir við í hvert skifti, er við hugsum til þess: og þetta alt saman eftir ráðstöfun guðs, — kærleikans og miskunsenda-anna guðs. — Og guð vissi alt fyrir, og ekki eingöngu vissi alt, heldur líka ákvað alt, hann úthlutaði okkur eðli okkar, og setti okkur þar sem honum þóknaðist! „Hvað gat eg gjört meira að vingarði mínum er eg ekki hefi gjört?“ Ef almættið gat ekki ræktað þar annað en villiþrúgur, til hvers þá að vera að planta vingarðinn? Ekki baðst hann þess. Til hvers að setja menn hér um fárra ára dvöl, fulla kvalar og hörmunga, fyrst um ekkert var að velja nema falla og svo að verða kastað í helvítis eld um aldir alda?

Eg veit það ekki, það er kannske af einhverri meðfæddri spillingu hjá mér, en mér findist, og eg skyldi halda, að öllum er mannlegt hjarta bæri í brjósti findist það líka, að ef þeir vissi einni einustu skepnu í þeim ægilega stað, þá væri það nóg til þess að breyta himnaríki í helvíti! . . . . . [Framh.]

## HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.

Kostar **einn dollar** um árið. Borgist fyrirfram.

ÚTGEFENDUR: NOKKRIR ÍSLENDINGAR Í VESTURHEIMI.

Afgreiðslustofa blaðsins: 582 Sargent Avenue.

RITSTJÓRI: Rögvaldur Pétursson, 533 Agnes Street.

PRENTARI: Gísli Jónsson, 582 Sargent Ave.